

Heildarmagnslyfjaávísanir

Reglugerð 740/2020

Sunna Brá Stefánsdóttir
Verkefnastjóri
Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna
September 2021

Breyting á reglugerð

- Reglugerð 1266/2017 er fallin úr gildi og reglugerð 740/2020 komin í staðinn
- Fjölnota lyfseðlar detta út
- Aðalbreytingin er í 13. grein þessarar reglugerðar:
 - *...Heimilt er að afgreiða lyf upp að heildarmagni lyfjaávísunar í eins mörgum afgreiðslum og henta þykir. Hver afgreiðsla dregst frá heildarmagni viðkomandi lyfjaávísunar í lyfjaávísanagátt.*

Útfylling lyfjaávísunar

- Þetta þýðir nokkrar breytingar sem læknar þurfa að hafa í huga við ávísun lyfja
- Lyfjaávísunin lítur aðeins öðruvísi út
- Það þarf að ávísar heildarmagni – ***líka í skömmtun***
- Ef ekki á að ávísar lyfi fyrir heilt ár skal útgefandi ákveða skemmri gildistíma og ávísar heildarmagni í samræmi við þann tíma
- Skylda að fylla út í „ábendingu“ lyfs

Heildarmagni ávísað

- Ef ávísá á lyfi til heils árs
 - Ávísá skal nægum **pakkningafjölda** sem dugar til heils árs
 - ***Þetta á líka við um skömmtunarlyfjaávísanir***
 - Gildir það sama um ávana – og fíknilyf
 - Afgreiðslutakmarkanir eru á þeim lyfjum
 - Skjólstæðingur fær þ.a.l. **ekki** meira magn afreitt en áður

Lyfjaávísun eftir breytingar

Nafn sjúklings	Kennitala	
Jón Jónsson	111111-1119	Endurnýja eldri lyfseðil

e^o Lyf

Ibufen

×

Samheitalyf

Upplýsingar

Heiti lyfs

Lyfjaform

Styrkleiki

Ávísað magn

Ibufen

☐ R

filmhtfl

400 mg

50 stk

Skömmtun

* Fjöldi pakkninga

1x2

-

1.0

+

☐ Eftir þörfum

☐ Afgreiðist í skammtaöskju

* Notkunarfyrirmæli

1 filmhúðaðartöflur 2 sinum daglega

Athugasemd til Lyfjafræðings

* Lyfið er notað við

* Fjöldi daga milli skammta

* Hámark skammtur á dag

* Hámark skammtaæining

Verk

-

4

+

1

filmhtfl

Athugasemdir í lyfjaávísun

- Athugasemd til apóteks:
 - Hér er hægt að skrifa upplýsinga sem berast lyfjafræðingi í apóteki varðandi afgreiðslu lyfs. Þessar upplýsingar birtast hvergi hjá sjúklingi

Athugasemd til Lyfjafræðings



Ávana – og fíknilyf

- Heimilt er að ávísa ávana – og fíknilyfjum til eins árs
 - Takmarkanir eru á **afgreiðslu** lyfjanna
 - Alltaf hægt að ávísa til skemmri tíma en árs
 - Magni ávísað í samræmi við það
- Dæmi: Heimilt er að ávísa 12 mánaða skammti af Imovane töflum 7,5 mg 30 stk hvort sem er til skömmtunar, eða til afgreiðslu í apóteki á ca. 25 daga fresti sé notkun 1 tafla að kvöldi
 - Ávísun hljóðar þá upp á 12 pakkningar = 1 pakkning afgreidd mánaðarlega

Ávana – og fíknilyf

- **Skilyrtir reitir:**
- **„Dagar á milli afgr.“** verður alltaf að fylla út fyrir ávana – og fíknilyf sé verið að ávísa fleiri en einni pakkningu
- Krafa er gerð um að fylla út í reitinn **„Hámark á dag“** ef verið er að ávísa lyfi til notkunar „eftir þörfum“
- Ef ávísa á t.d. 10 pakkningu af lyfi með notkunarfyrirmælunum „*eftir þörfum*“ þá þarf að fylla út í „*hámark á dag*“ sem ætti að endurspegla hámarksnotkun sjúklings á lyfinu á einum sólarhring
- **Eftirritunarskyld lyf:**
 - Afgreiðsla fer eftir notkunarleiðbeiningum
 - Takmarkast alltaf við 30 daga skammt (á minnst 25 daga fresti) sem ákveðinn er út frá þeim

Ávana – og fíknilyf

- Mikilvægt að ávísun ávana – fíknilyfja (og eftirritunarskyldra lyfja) sé gerð af varúð og að ekki sé ávísað í meira magni eða til lengri tíma en nauðsynlega þarf

Skömmtunarávísanir

- **Mikilvægt að ávísa heildarmagni í samræmi við notkun og gildistíma lyfjaávísunar**
 - Ekki nóg að ávísa einni pakkningu
- Ef læknir vill breyta lyfi skal ógilda eldri ávísun og gefa út nýja sem sendist beint til skömmtunarapóteks
 - Tilgreina skal í skilaboðum til apóteks hvenær breyting eigi að taka gildi (t.d. næstu skömmtun / sem fyrst).
- Ef stöðva á notkun lyfs skal ógilda lyfjaávísun og láta apótek vita
 - **Öruggara að láta apótek vita á meðan breytingarnar eru að ganga í gegn**

Að lokum

- Það er komin ný lyfjaávísunargátt – er í innleiðingu
 - Gáttirnar eru „á bak við tjöldin“ þannig að þið verðið ekki vör við þá breytingu
- Nýju heildarmagnslyfjaávísanirnar fara í nýju gáttina
 - „Gamla“ lyfseðlagáttin verður virk á meðan á innleiðingu stendur
 - Þann 1. nóvember nk. verður lokað fyrir sendingar inn í lyfseðlagáttina
- Sú virkni er í gáttinni að þeir lækningar sem eru t.d. með útrunnið starfsleyfi geta ekki sent lyfjaávísun í gáttina
 - *Athugið þó að það er alltaf á ábyrgð læknis að hann ávísi þeim lyfjum sem hann má ávísa og í réttu magni*
- Rafrænar undanþágulyfjaávísanir með heildarmagni eru líka aðgengilegar